

Lögreglustjórafélag Íslands

Nefndasvið Alþingis,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið@althingi.is

Borgarnesi, 6. febrúar 2019.

Efni:

Umsögn Lögreglustjórafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð, nr. 130/2016, með síðari breytingum (launafyrirkomulag). Þingskjal 554- 413. mál. Stjórnarfumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að laun þjóðkjörinna manna annars vegar og dómara, saksóknara, ráðherra, ráðuneytisstjóra, ríkissáttasemjara, seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra hins vegar verði ákvörðuð með fastri krónutölufjárhæð og laun síðan endurákvörðuð 1. júlí ár hvert miðað við hlutfallslega breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins.

Í V. kafla frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum og laun vararíkissaksóknara og annarra saksóknara hjá ríkissaksóknara ákveðin með fastri krónutölufjárhæð. Tekur breytingin til 20. gr. laganna, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Í 9. gr. frumvarpsins eru laun héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og laun annarra saksóknara hjá héraðssaksóknara ákvörðuð og tekur breytingin til 22. gr. laganna.

III. kafli laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 fjallar um ákærvaldið. Ákærendur eru taldir upp í 18. gr. laganna. Þeir eru ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar. Aðrir ákærendur starfa í umboði þeirra.

Ákærendur taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum. Í hlutverki ákæranda heyrir lögreglustjóri ekki undir ráðherra eða ríkislögreglustjóra en ríkissaksóknari hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds hjá öðrum ákærendum og gefur ákærendum fyrirmæli sem þeim ber að hlíta.

Í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2015, liður 3.6 á bls. 21 er vikið að hlutlægni og sjálfstæði rannsakenda við rannsókn sakamála.

Áður hefur verið bent á í umsögn til nefndarinnar að Lögreglustjórafélagið telur varhugavert í réttarríki að laun lögreglustjóra séu ákveðin af ráðherra eða sérstakri starfseiningu í ráðuneyti. Slík breyting er til þess fallin að veikja stöðu lögreglustjóra og þar með ákærvaldið.

Í greinargerð um 8. og 9. gr. frumvarpsins stendur m.a.:

„Hvað saksóknara varðar kemur m.a. fram í 11. gr. tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkja um hlutverk ákærvaldsins í refsivörslukerfinu frá 6. október 2000 að ríkjum beri að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ákærendur geti sinnt þeim störfum sem fylgja starfi þeirra og hlutverki án óréttmætra afskipta og án þess að þurfa að sæta ábyrgð að skaðabótarétti eða refsirétti eða á annan hátt. Í tilmælunum kemur einnig fram með ýmsu móti að staða ákæranda er lögð að jöfnu við stöðu dómara eftir því sem við getur átt. Hér má segja að formlega kynni það að verða talið geta haft áhrif á það hvernig ákærendur sinna störfum sínum að þeir væru undir ákvörðun framkvæmdarvalds settir um launakjör sín og starfsöryggi. Fyrir þá sem sæta rannsókn og hugsanlegri saksókn er mjög mikilvægt að geta verið þess

Lögreglustjórafélag Íslands

fullviss að ómálefnaleg sjónarmið hafi ekki áhrif á ákvarðanir um saksókn. Er staða ákæranda að því leyti mun viðkvæmari en lögmanna sem reka dómsmál ríkisins sem líta einkarétti. Störf ákæranda fela ekki eingöngu í sér málflutning heldur ekki síður ákvarðanir um framkvæmd rannsókna og ákvörðun saksóknar. Slíkar ákvarðanir geta skipt borgarana mjög miklu.

Í ljósi stöðu ákæranda er lagt til að laun þeirra verði ákvörðuð í lögum með fastri krónutöluþárhæð.“

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjarráð, nr. 130/1990, með síðari breytingum er lagt fram af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra. Í dag ákveður sami ráðherra lögreglustjórum laun samkvæmt 39. gr. a. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Á grundvelli grunnmats starfa forstöðumanna ríkisstofnana hefur störfum forstöðumanna verið skipað í 11 launaflokka. Lögreglustjórar eru 9 og hafa fóst heildarlaun þeirra verið ákveðin á bilinu 1.220.000 – 1.750.000 kr. á mánuði. Vekur athygli að laun 7 af 9 lögreglustjórum eru ákveðin lægri en laun saksóknara hjá embættum ríkissaksóknara og héraðssaksóknara en í frumvarpinu er lagt til að heildarlaun þeirra verði 1.358.535 kr. á mánuði. Laun héraðsdómara eru ákveðin með svipuðum hætti en lagt er til í frumvarpinu að heildarlaun þeirra nemi 1.410.328 kr. á mánuði, þ.e. annarra en dómstjóra. Gangi dómara gæsluvaktir skal þeim að auki greitt sérstaklega fyrir það. Frumvarpið gerir ráð fyrir að laun saksóknara og dómara lækki ekki frá því sem nú er.

Ákvarðanir um laun og tilkynningar um forsendur grunnmats starfa lögreglustjóra tóku gildi 1. janúar 2019. Þar sem laun einstakra lögreglustjóra eru í dag hærri en kveðið er á um í launaákvörðun ráðherra segir jafnframt að launin haldi gildi sínu þar til launaákvörðun samkvæmt nýju grunnmati starfs, að teknu tilliti til almennra launahækkana, verði jöfn núverandi heildarlaunum. Með öðrum orðum laun verða fryst um óákveðinn tíma.

Af hálfu Lögreglustjórafélags Ísland þykir rétt að taka upp texta úr skýrslu GRECO (Group of States against Corruption) frá 8. desember 2017, bls. 7-8 en skýrsluna má nálgast á heimasíðu GRECO.

(Þrátt fyrir áskoranir Lögreglustjórafélagsins hefur skýrslan ekki verið þýdd á íslensku né kynnt almenningi, sbr.:

„51. Finally, GRECO invites the authorities of Iceland to authorise, as soon as possible, the publication of the report, to translate the report into the national language and to make this translation public.“).

„Corruption prevention in respect of prosecutors

Recommendation vii.

36. GRECO recommended that measures be taken to ensure security of tenure for all prosecutors.

37. GRECO recalls that this recommendation was considered partly implemented. GRECO welcomed the provision of permanent contracts for the profiles of District Public Prosecutor and Deputy District Public Prosecutor. Having said that, GRECO reiterated its view as to the necessity of ensuring security of tenure for all categories of prosecutors.

Lögreglustjórafélag Íslands

38. *The authorities of Iceland reiterate that four of the highest ranking prosecutors in Iceland are appointed for an indefinite period of time. A Special Committee on Procedural law, under the aegis of the Ministry of Justice, has been reviewing the general rules on appointment of prosecutors to fulfil this particular recommendation; the process is on-going. The authorities further add that, as such, there is no objection to implementing this recommendation. However, since police commissioner can also act as prosecutors in certain cases in Iceland, an assessment is being carried out as to which categories would actually be provided with indefinite terms of contracts.*

39. *GRECO notes the on-going work in this area. Security of tenure of prosecutors is a recognised international standard, as has been repeatedly stressed by GRECO throughout its Fourth Evaluation Round. Its main objective is to preserve impartiality of prosecution, since it is considered that appointments for limited periods with the possibility of reappointment bear the risk that the prosecutor makes his/her decisions not on the basis of the law but with the idea of securing reappointment. GRECO trusts that the authorities will make their utmost to find a suitable way to address this shortcoming.*

40. *GRECO concludes that recommendation vii remains partly implemented.”*

Lögreglustjórar eru ákærendur í flestum sakamálum. Það er fyrir alþingismenn að velja fyrir sér stöðu lögreglustjóra sem ákæranda og hvort rétt sé að telja þá í hópi þeirra sem taldir eru upp í 8. gr. frumvarpsins.

Ráðherra ákveður lögreglustjórum laun samkvæmt 39. gr. a. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Launaákvörðanir er tóku gildi 1. janúar 2019 fela m.a. í sér að ekki virðist horft til launa héraðsdómara og saksóknara hjá embættum ríkissaksóknara og héraðssaksóknara við ákvörðun launa lögreglustjóra.

Að mati Lögreglustjórafélags Íslands er síður en svo hafið yfir gagnrýni hver ákveður lögreglustjórum laun. Launaákvörðunarvaldið er nú hjá ráðherra. Með því er vegið að mikilvægri stöð réttarríkisins. Tryggja verður vernd lögreglustjóra í starfi með sama hætti og aðra ákæranda og dómara.

Lögreglustjórar sem ákærendur taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákæruvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum. Í því felst sjálfstæði þeirra. Ráðherra hefur ekki vald til afskipta af afgreiðslu ákæranda í einstökum málum og ekki heimild til að breyta ákvörðunum þeirra. Nú ákveður ráðherra hins vegar laun lögreglustjóra.

Umsögn þessi er send efnahags- og viðskiptanefnd til þóknanlegrar meðferðar.

Fyrir hönd Lögreglustjórafélags Íslands,



Úlfar Lúðvíksson, formaður.